

Smári Smárason,  
verkefnisstjóri  
Umhverfissvið  
Fannborg 6  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. júlí 2014  
Tilvísun: UST20140600131/ksj

## Vatnsendi - norðursvæði. Settjarnir við Elliðavatnsstíflu. Tillaga að breyttu deiliskipulagi

Vísað er til erindis umhverfissviðs Kópavogsþærar er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi á norðursvæði Vatnsenda þar sem eru áætlaðar settjarnir.

Í greinargerð kemur fram að áður var settjörn hugsuð neðan Elliðavatnsstíflu, en með breytingartillöggunni er gert ráð fyrir að staðsetja 2 settjarnir norðvestan við Fornahvarf. Settjarnir eru manngerðar tjarnir er taka á móti menguðu vatni, og verða settjarnir við Fornahvarf notaðar til að taka við frárennsli ofanvatns frá byggð í stórum hluta Vatnsenda. Miðað er við 130 ha afrennslissvæðið að settjörnunum og afrennslisstuðull er 0,47. Tilgangur settjarna er að fella út mengunarefni og/eða þynna út styrk þeirra í ofanvatni áður en ofanvatninu er hleypt út í viðtaka.

Skv. breytingartillöggunni eru áætlaðar tvær settjarnir og tekur Umhverfisstofnun undir það þar sem 2 til 3 setjarnir í röð eru skilvirkari en ein stór tjörn.

### Staðsetning


Tjarnirnar verða staðsettar norðvestan við Fornahvarf og norðaustan við Vatnsendablett 30 og Vatnsendablett 105 og suðvestan við Vatnsendablett 33. Athygli vekur að tjarnirnar eru staðsettar nærri ofangreindum íbúðarhúsum, en ekki kemur fram hver fjarlægðin er frá húsveggjum nærliggjandi húsa. Miðað við það að fjarlægð neðri tjarnar frá Elliðaá er sýnd 18,8 m á uppdrætti af breytingartillögu, þá er fjarlægð efri settjarnar frá Vatnsendabletti 33 styttri. Hvergi kemur fram hver er lágmarks fjarlægð húsa frá settjörn, en skoða þyrfti hvort áætluð staðsetning sé mögulega of nærrí húsvegg.

### Vöktun

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vakta þarf regluglega hversu mikið af efnum er að fara út í umhverfið. Umhverfisstofnun tekur einnig undir mikilvægi þess að vöktun settjarnar verði felld inn í heildaráætlun um vöktun svæðisins. Einnig er mikilvægt að áætlun um hreinsun verði felld inn í heildaráætlun, síðan er hægt að endurskoða áætlun um tíðni

hreinsana þegar reynsla er komin á virkni tjarnanna. Umhverfisstofnun bendir á að við hreinsun þarf að meðhöndla úrganginn á viðeigandi hátt.

Virðingarfyllst  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur

Skipulagsstofnun

